

Eiríkur Gíslason var fæddur 22. júní 1864 á Egilstöðum á Völlum í Suður-Múlasýslu. Í föðurætt var hann norðlenzkur, sonur Gísla Jónssonar, en módir hans var Jarðþíúður Halldórsdóttir, Einarssonar, kona Halldórs var Anna Þrúður Eiríksd., bóna á Egilstöðum, og er sí aett fjölmenn hér vestra. Árið 1883 fluttist Eiríkur með fólk sín til Íslendingabygðarinnar í Dakota, en vorið eftir fór hann alfarinum hingað norður, og kvongaðist hér árið 1886 Önnu Margrúti, dóttur Eyjólfs Guðmundssonar, ættuðum úr Fáskrúðsfirði, og konu hans Þórunn ar Sigurðardóttur af hinni svonesnuðu Bétaratt. En þau Eyjólfur og Þórunn bjuggu lengst í Hlíðarseli í Hróarstungu, áður en þau fluttu til Nýja Íslands með börnum sínum sumarið 1878.

Eiríkur flutti suður til Dakota með konu sinni og bjó þar á annað ár skamt suðaustur af Akia pésthísí, en hvarf þá hingað norður aftur, og bjó hér síðan til dauðadags.

Alls átti þau hjón 7 börn og eru 4 þeirra á lífi. Þann 11. maí 1899 andaðist Eiríkur heitinn úr lungnabólgu eftir 5 dagar legu. Hann hafti kent lasleika í nokkra daga áður en veikin tók hann, en daginn áður sat hann við tafl niður í íþróttastofu taflfélagsjns enska, er hann tilheyrði, þar til orðið var áliðið kvölds, en veður gekk í kulda um kvöldið. Lík hans var jarðsungið frá Unitara kyrkjunni, og fluttu ráður yfir honum vinur hans síra Magnús J. Skaftason, Einar Ólafsson og Alfred lögm. Andrews borgarstjóri Winnipegbæjar. Hann var jarðsettur í Brookside grafreit, þar sem flestir ísl. hvíla. R. P.

\* \* \*

Eiríkur Gíslason var sérkennilegur maður. Hver sem sá hann einu sinni, gat trauðla gleymt honum. Hann var stór maður föngulegur, fallega limaður, hvatlegur og karlmannlegur. Hann var ljóshærður með grá augu, fjörleg og greindarleg. Upplitið var djarflegt, glaðlegt og vinsamlegt. Alt fas hans vakti manni tiltrú til hans, enda var hann trúr og sannur vinur góðlyndur og viðkvæmur. Skapmikill var hann og kappsmáður í hvívetna, hvort heldur við dagleg störf eða í félagsmálum. Hann var íþróttamaður mikill. Hann æfði glímur og manntafl og stóð á sporði þeim færstu í þeim greinum. Hann var yfir